

**115. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
27. maí 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1811021 - Aðalskipulag Akraness M2 - breyting á miðsvæði (Akratorg, Kirkjubraut, Stillholt)**

Breyting á aðalskipulagi Akraness vegna miðsvæðis M2, sem var auglýst skv. 31. gr. skipulagsblaða nr. 123/2010. Athugasemdafræstur var til 26. maí 2019.

*Breytingin nær til M2 Akratorg, Kirkjubraut Stillholt 7,9 ha að flatarmáli. Breytingin felst í að með auknu byggingarmagni skal auka við bílastæði í göturými með samnýtingu og með bílageymslum neðanjarðar þar sem aðstæður leyfa. Skilmálar um fjölda bílastæða vegna aukinnar nýtingar skulu settir í deiliskipulagi. Engin athugasemd barst á auglýsingatíma.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt sbr. 32. gr. skipulagsblaða nr. 123/2010 og send Skipulagsstofnun til staðfestingar.*

**2. 1807077 - Deilisk. Stofnanareitur - Kirkjubraut 39**

Breyting á deiliskipulagi Stofnanareits vegna Kirkjubrautar 39 var auglýst frá skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagsblaða nr. 123/2010. Athugasemdafræstur var til 26. maí 2019.

*Breytingin felst í að byggja upp verslun/hótel á lóðinni. Nýtingarhlutfall er aukið úr 0,4-0,6 í 1,56 og að byggt verði allt að fjögurra hæða hús í götulínu. Breyting á aðalskipulagi var auglýst samtímis. Engin athugasemd barst á auglýsingatíma. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**3. 1905270 - Skrifstofuhúsnæði ÍA og aðstaða fyrir starfsmenn og kennara**

Minnisblað lagt fram varðandi skrifstofuhúsnæði ÍA og aðstöðu starfsmanna og kennara. Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

*Skipulags- og umhverfisráð gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við breytingar sem lagðar eru fram varðandi skrifstofuhúsnæði ÍA og aðstöðu starfsmanna og kennara. Skipulags- og umhverfisráð vísar erindunu að öðru leyti til bæjarráðs.*

**4. 1904143 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áf. rað- og parhús**

Í ljósi breytinga sem gerðar hafa verið á skipulaginu í kjölfar kynningarfundar sem haldinn var 9.maí 2019 sem felast í því að að lóðum við Akralund 8, 10, 12 og 14 verði breytt úr fjölbýlishúsalóðum í einnar til tveggja hæða par- og raðhúsalóðir, leggur Skipulags- og umhverfisráð til að fyrirliggjandi breytt skipulagsgögn verði



kynnt aftur á almennum fundi/opnu húsi. Í framhaldinu verður málid tekið fyrir að nýju.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst sbr. 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

##### **5. 1811123 - Deiliskipulag Skógarhverfi 3. áfangi**

Um er að ræða breytingu á seinni hluta deiliskipulags við Skógarhverfi 2.áfangi. Svæði sem breytingin nær til mun fá skipulagsheitið Skógarhverfi 3.áfangi. Deiliskipulagsbreytingin hefur verið kynnt í skipulagslýsingu samhliða breytingu á aðalskipulagi Skógarhverfi.

*Skipulags-og umhverfisráð leggur til að fyrirliggjandi skipulagsgögn verði kynnt á almennum íbúafundi/opnu húsi. Að kynningu lokinni verði málid tekið fyrir að nýju í Skipulags-og umhverfisráði.*

##### **6. 1905352 - Þjóðbraut 13 - Þorpið**

*Lagt fram minnisblað Heiðrúnar Janusdóttir, verkefnisstjóra æskulýðs- og forvarnarmála. Skipulags- og umhverfisráð vísar minnisblaðinu til umfjöllunar í skóla- og frístundarráði. Óskað er eftir að metin verði framtíðarþörf á húsnæði undir starfsemi Þorpsins.*

##### **7. 1904230 - Dalbraut 4 - hönnun þjónusturýmis aldraðra.**

*Fimmtudaginn 23.maí voru opnuð tilboð í verkið "Hönnun á þjónustumiðstöð aldraðra"*

Þrjú tilboð bárust:

Ask arkitektar kr. 7.141.600

Arkís arkitektar kr. 7.326.540

VA arkitektar kr. 5.257.600

*Skipulags-og umhverfisráð felur sviðsstjóra að semja við lægstbjóðanda þ.e. VA arkitektar um verkið.*

##### **8. 1901203 - Aðalskipulag Skógarhverfi - breyting**

Skipulagslýsing hefur verið auglýst til kynningar. Jafnfram hefur verið óskað eftir áltí umsagnaraðila.

*Skipulags-og umhverfisráð leggur til að fyrirliggjandi skipulagsgögn verði kynnt á almennum kynningarfundí/opnu húsi. Að því loknu verði málid tekið fyrir að nýju í Skipulags-og umhverfisráði.*

##### **9. 1905357 - Deiliskipulag Skógarhverfi 4.áf.**

Um er að ræða breytingu á seinni hluta deiliskipulags við Skógarhverfi 1.áfangi. Svæði sem breytingin nær til mun fá skipulagsheitið Skógarhverfi 4.áfangi.

Deiliskipulagsbreytingin hefur verið kynnt í skipulagslýsingu samhliða breytingu á aðalskipulagi Skógarhverfi.

*Skipulags-og umhverfisráð leggur til að fyrirliggjandi skipulagsgögn verði kynnt á almennum íbúafundi/opnu húsi. Að kynningu lokinni verði málid tekið fyrir að nýju í Skipulags-og umhverfisráði.*

##### **10. 1905363 - Seljuskógar 2-4 Grenndarkynning**

RS

Óskað er grenndarkynningar á staðsetningu inngangs í íbúðir.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fram fari grenndarkynning á breytingunni skv. 2. mgr. 43.gr sbr. 3. mgr. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum á Seljuskóginum 1,3,5 og 6 auk Asparskóga 4.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.

Ragnar Semundsson  
Ragnar Þór Jóhannsdóttir  
Ólafsfjörður

Stefán Þór Steinðorsson